

Ströndin við Stapa og Hellna, friðland

Aðgerðaáætlun 2021 - 2023

Aðgerðaáætlun þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að fara í svo að verndargildi strandarinnar við Stapa og Hellna haldist. Einnig eru aðgerðir þessar til að viðhalda og bæta upplifun og öryggi gesta svæðisins. Aðgerðirnar styðja við leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlun um framtíðarsýn friðlandsins. Neðan greindar aðgerðir eru annars vegar reglubundnar árlegar aðgerðir og hins vegar aðgerðir næstu þrjú árin, m.a. í samræmi við verkefnaáætlun [Landsáætlunar um uppbyggingu innviða](#) (Landsáætlun). Áætlunin er uppfærð árlega í samræmi við úthlutun úr Landsáætlun. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna. Margar af eftirfarandi aðgerðum eru komnar í ferli við útgáfu áætlunarinnar.

2021

- ✓ Útsýnisstaðir í Hellnahrauni skilgreindir og tryggðir.
- ✓ Umhverfisstofnun láti vinna heildarhönnun fyrir friðlandið.
- ✓ Umhverfisstofnun láti vinna deiliskipulag fyrir friðlandið.
- ✓ Uppbygging útsýnisstígs/palla við Músagjá og göngustígur að henni breikkaður.
- ✓ Ný aðkomu- og upplýsingaskilti (staðarskilti) sett upp við upphaf gönguleiða í friðlandinu.
- ✓ Stakskilti með fróðleik um fugla og jarðminjar sett upp við útsýnispalla.
- ✓ Stakskilti sett upp við Draugalág.
- ✓ Vegvísar settir upp við gönguleiðir.

2022

- ✓ Kannaðir verði möguleikar á uppsetningu útsýnissjónauka í friðlandinu.
- ✓ Áfram unnið við göngustíga við ströndina á Arnarstapa.
- ✓ Brú yfir Bóndabúðarlæk endurnýjuð.
- ✓ Nýtt hlið sett upp í girðingu við Skollabrunn.
- ✓ Umhverfisstofnun geri úttekt á bílastæðapörf fyrir friðlandið.
- ✓ Auglýsing um friðlýsingu strandarinnar við Stapa og Hellna endurskoðuð. Skýra þarf friðlandsmörk og hnita þau. Skoða þarf stöðu hafnarsvæða á svæði friðlandsins.

2023

- ✓ Hringleiðir ætlaðar gangandi fólki verði merktar.
- ✓ Áfram unnið við göngustíga við ströndina á Arnarstapa.
- ✓ Áningarstaðir bættir og bekkir settir upp við gönguleiðir.
- ✓ Umhverfisstofnun vinni að lausn vegna bílastæða í samstarfi við sveitarfélagið og Vegagerðina.

Önnur verkefni, árleg eða reglubundin

Aðgerðir

- ✓ Eftirlit með friðlandinu verði sett inn í vinnuskipulag þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.
- ✓ Göngustígum verði vel við haldið og ummerkjum um aflagða stíga eytt.
- ✓ Upplýsingum varðandi bílastæði við Hellnakirkju komið á framfæri með skiltum og auglýsingum.

- ✓ Reglur um notkun fjarstýrðra loftfara, s.s. dróna, verði aðgengilegar hjá friðlandinu.
- ✓ Öryggis- og neyðarbúnaður yfirfarinn.
- ✓ Aðgerðaáætlun verði uppfærð.

Regluleg vöktun og eftirlit

- ✓ Ástandsmat verði unnið fyrir áfangastaði ferðamanna og gönguleiðir.
- ✓ Fylgjast skal með útbreiðslu lúpínu í friðlandinu og nágrenni þess og árlega verði unnið að því að uppræta hana innan friðlandsins sem og aðrar framandi tegundir.
- ✓ Fylgst verður með jarðvegsrofi.
- ✓ Eftirlit verði með vetrarfærð á göngustígum og ráðstafanir gerðar vegna hálfu og aurbleytu.
- ✓ Landvörður mun vakta stíga og mannvirki reglulega m.t.t. öryggismála og gera viðeigandi ráðstafanir hverju sinni. Öryggi ferðamanna verði sérstaklega vaktað í ljósi hrun- og hraphættu.
- ✓ Umhverfisstofnun heldur við og setur upp merkingar vegna gróðurverndar og öryggissjónarmiða eftir þörfum.
- ✓ Öryggisáætlun friðlýstra svæða verði staðfærð fyrir friðlandið Ströndin við Stapa og Hellna.
- ✓ Tryggt skal að öryggisáætlun sé ávallt uppfærð samkvæmt nýjustu upplýsingum. Uppfæra skal öryggisáætlunina annað hvert ár.
- ✓ Verndarsvæðið verði vaktað í samræmi við vöktunaráætlun Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Samráðsfundir og upplýsingar

- ✓ Heimasíða um svæðið verði lagfærð á vef Umhverfisstofnunar.
- ✓ Upplýsingar um friðlandið Ströndin við Stapa og Hellna á heimasíðu Umhverfisstofnunar verði uppfærðar eftir þörfum.
- ✓ Niðurstöður rannsókna unnar á svæðinu verði aðgengilegar á heimasíðu svæðisins á vef Umhverfisstofnunar.
- ✓ Umsjónaraðili friðlandsins, Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, upplýsi landeigendur og íbúa um fyrirhuguð verkefni á friðlýsta svæðinu.
- ✓ Umhverfisstofnun kalli eftir viðræðum við landeigendur og sveitarfélag um reglur vegna mannaðra og fjarstýrðra loftfara á jaðarsvæði friðlandsins.